

18
Subway staðir
um allt land

SUBWAY í finu **formi**

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
Hjartal-Hell

7 karbofær 6 grønna

Við sameinum
krafta okkar í
enn öflugri
verkfræðistofu

VST-RAFTEIKNING HF

www.vst-rafteikning.is
Sími: 569 5000



CARMINA BURANA

CARL ORFF

Í LANGHOLTSKIRKJU
SUNNUDAGINN 1. JÚNÍ 2008



„CARNEGIE HALL KÓRINN“:
ÓPERUKÓRINN Í REYKJAVÍK - SKAGFÍRSKA SÖNGSVEITIN -
CARMINA HÓPURINN - LANDSVIRKJUNARKÓRINN
KVENNAKÓR DOMUS VOX

HJÓMSVEIT:
TVEIR FLYGLAR OG SLAGVERK

EINSÖNGVARAR:
EIVÓR PÁLSDÓTTIR SÓPRAN,
ÞORGEIR J. ANDRÉSSON TENÓR, BERGPÓR PÁLSSON BARITÓN

STJÓRNANDI: GARÐAR CORTES

Um Carmina Burana

Carmina Burana var fyrsta verk Carls Orff sem vakti verulega athygli og notið hefur alþjóðlegra vinsælda. Það var frumflutt árið 1937 þegar Orff var 43ja ára og þótti merki þess að leit hans að eigin stíl væri lokið. Kórverkið einkennist af fallelegum löngum laglinum sem eru lausar við harðeneskjú og ómstríðni, en gæddar óendanlegum breytingum í takti og styrkleika. Frábær blanda af gáska, spennu, einfaldleika þjóðlagsins, ástriðu, háði, dulúð, hnitmiðuðu mál, þýðleika og tilfinningum. Texta verksins tók Orff úr frægu kvæðahandriti frá fyrrí hluta 13. aldar, sem geymt var í Benediktínaklaustriunum Benediktbauern í Bæjarlandi og því kallað Carmina Burana eða „kvæði frá Bauern“. Kvæðahandritið var uppgötvat Í byrjun 19. aldar þar sem það hafði verið geymt í læstum hirslum ásamt öðrum forboðnum bókum (*libris prohibitis*) þar sem umfjöllunarefni þess þótti í hæsta lagi syndsamlgt. Handritið inniheldur fjöldu kvæða og söngva sem samdir höfðu verið af farandskáldum miðalda sem flest voru trúbadrar, þjóðlagasöngvarar, háskólanemendur, lærðir menn og munkar, sem gefist höfðu upp á formfestu skólanna og klaustursagans. Nöfn þessara skáldra eru því miður löngu gleymd.

Kvæðin 25 sem Orff valdi úr handritinu fjalla um fallvaltleika mannkynsins og eru mörg hver uppfyll af brennandi þjóðfélagsádeilu. Verkið einkennist af ákaflega kraftmikilli og nær taumlausri hrynjandi og sibreytilegum takti sem gerir það sérstaklega líflegt og spennandi. Með samspili texta og tónlistar er tilfinningum lýst á einstaklega sterkan og einfaldan hátt sem grípur áheyrandann og dregur hann inn í heim gleði og sorgar. Carmina Burana er verk fyrir alla sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Þættir úr Carmina Burana er vinsælir á efnißkráum allra kóra. Af þeim kórum sem hér flytja verkið er Óperukórrinn sá eini sem áður hefur flutt það í heild sinn; fyrst 1986 á tónleikum Sinfóniuhljómsveitar Íslands, síðar svíosett í Íslensku óperunni 1990 og 1995 og var fyrrí uppfærslan einnig sýnd í Gautaborgaróperunni sama ár. Vorið 2007 flutti kórinn svo verkið, hljóðritaði og gaf út á CD sl. haust.

Carl Orff

Carl Orff var Bæjari, fæddur í München 10. júlí 1895, lifði nær alla ævi sína í München og lést þar 29. mars 1982. Hann gerðið hugkvæmur uppreisnarmaður gegn ríkjandi tónlistarhefðum og vildi hverfa aftur til upphafsins, að losa sig við hjóm samhljóma tónlistar rómantískra tímans, en skoða allt að nýju í hljómkennnd Gregoríks söngs. Hann sökkti sér niður í tónlist frá endurreisnartímanum og upphafi barokktímans. En það sem hann er e.t.v hvaða þekktastur fyrir er hið mikilvægg hlutverk hans í tónlistaruppledri. Árið 1924 stofnaði hann skóla, ásamt dansaranum Dorotheu Günter, til að kenna með samofnum hætti tónlist, fimleika og dans.



Á árunum 1930 - 1935 samdi Orff ásamt aðstoðarmönnum sínum langa bálka af tónlist handa börnum. Forsendur þessa svonefnda Orff-Schulwerk eru að öllum börnum megi kenna að njóta tónlistar og taka þátt í flutningi hennar. Á því getur varla legið minnsti vafi að þelta starf Orffs með börnum hefur haft úrslitþýðingu fyrir þann stil sem hann bjó sér til í Carmina Burana, sem er fyrsta tónverk Orffs sem vakti verulega athygli. Hann semur verkið 1936 og er það frumflutt í Frankfurt am Main árið 1937 - fyrir réttum 70 árum.

Af öðrum þekktum verkum eftir Carl Orff má nefna Catulli Carmina, byggt á ljóðum rómverska skáldsins Katúllusar, Trionfo di Afrodite með brúðkaupskvæðum eftir fornskáldin Katúllus, Saffó og Evrýpídes og óperurnar Der Mond og Die Kluge, byggðar á þekktum þýskum ævintýrum.

CARMINA BURANA

Tónlist

Carl Orff

Texti

Kvæði frá Bauern frá fyrrí hluta 13. aldar

Kór

Carmina hópurinn
Kvennakór Domus vox
Landsvirkjunarkórinn
Óperukórrinn í Reykjavík
Skagfirska söngsveitin

Einsöngvarar

Eivør Pálsdóttir sópran
Þorgeir J. Andrésson tenór
Bergþór Pálsson baritón

Flyglar

Guðríður St. Sigurðardóttir
Julian Hewlett

Pákur Slagvek

Eggert Pálsson
Árni Áskelsson
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Stef van Ooserhout

Pianóleikari á æfingum

Julian Hewlett

Stjórnandi

Garðar Cortes

Carmina Burana:

FORTUNA IMPERATRIX MUNDI

1. O Fortuna
2. Fortune plango vulnera

PRIMO VERE

3. Veris leta faicies
4. Omnia Sol temperat
5. Ecce gratum

UF DEM ANGER

6. Tanz.
7. Floret silva
8. Cramer, gip die varwe mir
9. Reie
Chume, chum, geselle min
Swaz hie gat umbe
10. Were diu werlt alle min

IN TABERNA

11. Estuans interius
12. Olim lacus colueram
13. Ego sum abbas
14. In taberna quando sumus

COUR D'AMOURS

15. Amor volat undique
16. Dies, nox et omnia
17. Stetit puella
18. Circa mea pectora
19. Si puer cum puellula
20. Veni, veni, venias
21. In trutina
22. Tempus est iocundum
23. Dulcissime

BLANZIFLOR ET HELENA

24. Ave formosissima

FORTUNA IMPERATRIX MUNDI

25. O Fortuna

GÆFAN, DROTTNARI HEIMSINS

1. Ó þú gæfa
2. Ég harma sár Gæfunnar

bl. kór
bl. kór

VORKOMAN

3. Vorið, glatt í bragði
4. Öllu stjórnar Sólin
5. Sjá, hið indæla

bl. kór
bl. kór
bl. kór

Á ENGINU

6. Dans
7. Skógurinn skrýðist
8. Kaupmaður, gefou mér lit
9. Hringdans
Komdu, komdu, vinur minn
Þær sem stíga hringdansim
10. Væri veröldin míni

hljómsveit
bl. kór
kvænnakór
bl. kór
bl. kór

Á KRÁNNI

11. Brennandi innan
12. Forðum var ég á vötnum
13. Ég er ábóttinn
14. Þegar við erum á kránni

bariton-eins.
tenór-eins.og karlakór
bariton-eins. og karlakór
karlakór

HIRÐ ÁSTARINNAR

15. Amor flýgur um allt
16. Dagur, nött og allt annað
17. Stúlkán stóð
18. Í brjóstí mér
19. Ef piltur og stúlka
20. Kom, kom, ó, komdu
21. Á vogskálum
22. Nú er glatt á hjalla
23. Minn ljúfasti

sópran-eins. og barnakór
bariton-eins.
sópran-eins.
bariton-eins og bl. kór
karlakór
bl. kór
sópran-eins.
sópran og bariton-eins.
bl. kór og barnakór
sópran-eins.

BLANSIFLÓR OG HELENA

24. Heill þér, fegurst kvenna

bl. kór

GÆFAN, DROTTNARI HEIMSINS

25. Ó þú Gæfa

bl. kór og barnakór

Carmina Burana / Sögupráður í stuttu máli

GÆFAN, DROTTNARI HEIMSINS

Kórrinn ákallar hamingjudísina "Fortuna". Henni er líkt við tunglið sem vex og minnkar og bent á hversu gæfunni er misskipt milli manna.

Hamingjuhjólið snýst án afláts og sá sem eitt sinn er krýndur hamingju, auði og velmegun, steypist af minnsta tilefni í glötun en annar hefst upp til tignar og metorða.

VORKOMAN og Á ENGINU

Hið glaðlega andlit vorsins, boðberi ástarinna, sýgur brjóst sumarsins og hrekur burt vetrarhörku. Sá er aumur sem ekki lifir og leikur sér á vorin.

Sumarið nálgast, skógurinn er í blóma og stúlkurnar bollaleggja um hvernig þær megi ganga í augu ungu mannanna.

Á KRÁNNI

Saurlifi erkiskáldsins, ágirnd í mat, drykk og stjórnlausar ástríður eiga sér engin takmörk. Hann gengur eingöngu breiða veginn og metur meira nautnir þessa lífs en sáluhjálp þess næsta.

Svanurinn sem eitt sinn synti á vötnum segir frá þeiri hræðulegu reynslu að vera nú steiktur á teini, borinn fram á fati og sjá upp í gapandi gin og gínandi tennur þeirra sem ágirnast hann.

Kófdrukkið erkiskáldið (hér í gerfi ábóttans frá Kukaníu), lýsir reglu sinni sem óreglu-gemsa-samkundu nautnasjúkra drykkjurúta og saurlifissegga og harmar hástöfum óheppni sína í fjárhættuspili lífsins.

Kaflanum lýkur með alsherjar drykkjusöng munkanna og níðbænum þeim til handa sem félætta drykkjubræðurna og ræna.

HIRÐ ÁSTARINNAR


Holdlegri ást er sungið lof og dýrð. Ástin er allsstaðar, ekki of gömul, né of ung, fegurðin er lofuð frá toppi til táar, sungið um hugaróra ástsjúkra munkanna, hástöfum og í hálfum hljóðum og á vogarskál hugs vegar salt skefjalaus ástríða og siðsemi, en siðseminni kastað fyrir róða. Allur vandi leystur, allir brenna og farast af nýrri eldheitri ást og ástartáknið, meyjan hreina, gefur sig að lokum í algleymi fullhægingar og alsælu.

BLANSIFLÓR OG HELENA og GÆFAN, DROTTNARI HEIMSINS

Í lokin er flutt lofgjörð til hinnar mestu gersemi allra meyja, Venusar, og ákallið til hamingjudísarinnar Fortunu endurtekið. Hamingjuhjólið hefur snúist heilan hring.

Garðar Cortes stjórnandi

Garðar lauk einsöngvara- og söngkennaraprófum frá The Royal Academy of Music og Watford School of Music í Englanldi og stundaði síðar framhaldsnám á Ítalíu og í Vínarborg og hóf tónlistarferil sinn hér heima sem skólastjóri Tónlistarskólans á Seyðisfirði 1969 - 1970. Hann hefur komið viða við í tónlistarlífinu; stofnaði Söngskólan í Reykjavík 1973 og hefur verið þar skólastjóri frá upphafi, stofnsetti og var aðal hljómsveitarstjóri Sinfóniuhljómsveitarinnar í Reykjavík frá 1975, stofnaði Íslensku óperuna 1979 og var óperustjóri til ársins 2000.



Garðar hefur sungið fjölda tenórlutverka hér heima, á öllum Norðurlöndunum, Bretlandi, Írlandi, Bandaríkjunum og Suður Ameríku. Hann hefur stjórnæð ýmsum kórum og má þar nefna Karlakórinn Fóstbræður, Samkór Kópavogs, Söngsveitina Fílharmoníu, Kór Söngskólans og Kór Íslensku óperunnar. Þá hefur hann verið stjórnandi og kennari á Nordklang kóramótum Norraenu kórasamtakanna sl. 20 ár.

Sem hljómsveitarstjóri hefur hann stjórnæð sýningum í Íslensku óperunni og þjóðleikhúsini, tónleikum Sinfóniuhljómsveitar Íslands, í Þýskalandi, Búlgariu, Rúmeníu, Tékklandi og á Norðurlöndunum og komið fram sem gestastjórnandi í Carnegie Hall í New York og Barbican Center í London.

Garðari hefur hlotnast ýmiss heiður fyrir frumkvæði sitt og störf að tónlistarmálum. 1982 hlaut hann fyrstu Bjartsýnisverðlaun Bröste, fyrir stofnun Íslensku óperunnar, var sæmdur Hinni Íslensku fálkaorðu 1990 og hlaut Menningarverðlaun VISA 1999.

Eivör Pálsdóttir, sópran

Eivör Pálsdóttir er fædd og uppalin í Færeyjum og kom fyrst fram sem einsöngvari, 12 ára, í kórferð með færeyskum kórum til Ítalíu. 16 ára gömul tók hún ákvörðun um að stefna að því að verða tónlistarmaður og hóf sögnám sitt, fyrst í útibúi Söngskólans í Reykjavík í Þórshöfn í Færeyjum, en flutti síðar til Íslands og nam við Söngskólan í Reykjavík undir leiðsögn Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur.



Eivör hefur aflað sér vinsælda og er eftirsótt til söngstarfa viða um heim. Fyrir utan klassíkska tónlist syngur hún eigin tónsmíðar, rokk, jazz og vænst þykir henni um ballöður frá heimalandinu Færeyjum .

Eivör hefur komið fram með Sinfóniuhljómsveit Íslands og hefur haldið fjölmarga sjálfstæða tónlauka auk þess að syngja á ýmsum tónleikum hér heima. Af tónlistarhópum sem hún hefur komið fram með viða um heim, má nefna Bill Bourne, Kasa Ensemble og hið Danska Radio Big Band.

Bergþór Pálsson, barítón


Bergþór Pálsson lauk B.M. og Master's námi árið 1987 frá Indiana University.



Hann starfaði um þriggja ára skeið í Þýskalandi, en frá árinu 1991 hefur hann starfað að mestu á Íslandi. Meðal óperuhlutverka hans má nefna „Évgéní Ónégín“ í samnefndri óperu Tsjækofskís, „Don Giovanni“ í samnefndri óperu eftir Mozart, Enrico í „Lucia di Lammermoor“ eftir Donizetti, Germont í „La Traviata“ eftir Verdi og Marcello í „La Bohème“ eftir Puccini. Bergþór hefur haldið fjölda einsöngstónleika, sungið einsöng með Sinfóniuhljómsveit Íslands, svo og einsöngshlutverk í kórverkum, svo sem í Mattheusarpassíu, Jóhannesarpassíu og Jólaóratóríu Bachs, Sköpuninni og Árstíðunum eftir Haydn, Elijah eftir Mendelssohn og Sálumessu Mozarts.

Porgeir J. Andrésson, tenór

Porgeir stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu m.a. Garðars Cortes og Guðrúnar A. Kristinsdóttur. Hann naut einnig tilsgagnar hjá óperusöngkonunni Liliana Aabye í Hamborg og sótti námskeið í ljóðatulkun hjá dr. Erik Werba bæði hérlandis og erlendis.



Porgeir hefur haldið einsöngstónleika og sungið einsöng með Sinfóniuhljómsveit Íslands og sungið fyrir útvarp og sjónvarp og á óperusviði hérlandis og erlendis. Hann hefur sungið einsöng með fjölda íslenskra kóra og má þar meðal annars nefna Óperukórinn, Fóstbræður, Söngsveitina Fílharmoníu, Óperukór Hafnarfjarðar, Karlakórinn Stefni, Karlakór Akureyrar, Karlakórinn Presti, Mótettukór Hallgrímskirkju, Kvennakór Reykjavíkur, Kór Langholtskirkju og Dómkórinn. Hann hefur sungið inn á fjölda geisladiska m.a. sem einsöngvari með ýmsum kórum.

Hann hefur sungið einsöng í m.a Sköpuninni eftir J. Haydn, einsöngshlutverkið í Alþingisháttíðarkantötum Páls Ísólfssonar og tenórlutverkin í Nelson messu eftir J. Haydn, Cantata Misericordium eftir B. Britten, G-dúr messu eftir F. Schubert, Kreolamessu eftir A. Ramirez auk tenórlutverka í ýmsum kantötum eftir J. S. Bach. Meðal hlutverka hans á sviði eru Svanurinn í Carmina Burana, sem Porgeir syngur nú í fimmtu uppfærslu, Borsa í Rigoletto, Tamino í Töfrafautunni, Cassio í Otello, Rudolfo í La Boheme, Gastone í La Traviata, Edwin í Sardasfurstynjunni, Nornin í Hans og Grétu, Camille í Kátu ekkjunni, Keisarinn í Turandot, hlutverk Loka í Niflungahring R. Wagners, hlutverk Alfreðs í Leðurblökunni og Galdrar Loftur í samnefndri óperu eftir Jón Ásgeirsson.

Óperukórrinn í Reykjavík

Óperukórrinn hefur skapað sér sterkan sess í íslensku tónlistarlífi og er eftirsóttur til flutnings ýmissa verkefna, hefur enda hlotið mikið lof gagnrýnenda og áheyrenda fyrir söng á undanförnum árum.

Garðar Cortes stofnaði kórinn árið 1973 og hefur stjórnað honum frá uppnafi. Kórinn hefur staðið að umfangsmiklu tónleikahaldi, farið í tónleikaferðir innan- og utanlands og sungið ýmis af stærstu verkum tónbókmenntanna með Sinfóniuhljómsveit Íslands og á svíði Íslensku óperunnar og Þjóðleikhússins, farið í tónleikaferðir m.a. til Norðurlandanna, Ítalíu, Rússlands og Bandaríkjanna. Af útgefnum hljóðritunum má nefna: Alþingishátiðarkantata Páls Ísólfssonar, Sálumessa Verdis, 9. sinfónía Beethowens, Elijah eftir Mendelssohn, Carmina Burana eftirt Carl Orff.

Þá hefur kórinn komið fram með tveimur af þekktustu tenórum okkar tíma; José Carreras og Placido Domingo ásamt Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Stjórnandi er Garðar Cortes.

Annæ Ingólfssdóttir
Anna Kristín Kristinsdóttir
Aron Axel Cortes
Águst Guðmundsson
Ásrún Davíðsdóttir
Baldur Óskarsson
Bergþóra Linda Ægisdóttir
Bragi Jónsson
Bryndís Jónsdóttir
Elfa Dröfn Stefánsdóttir
Elma Altadóttir
Guðmundur Eiríksson
Guðrún Lóa Jónsdóttir
Gunnar Haraldsson
Halla Marinósdóttir
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir
Hildigunnur Jónsdóttir
Hilmar Nikulás Þorleifsson
Hlynur Andri Elsuson
Ingi H. Vilhjálmsson
Ingibjörg Ólafsdóttir
Ingunn Anna Hjaltadóttir
Karl Már Lárusson
Kristveig Sigurðardóttir

Krystyna María Gunnrasd.Cortes
Linda Lea Bogadóttir
Lovísa Sigfusdóttir
Nanna María Cortes
Olgeir Helgi Ragnarsson
Ólafur Sveinsson
Ósk Guðmundssdóttir
Ragnheiður Lilja Óladóttir
Sigríður Ásta Olgeirsdóttir
Sigríður Hrund Pétursdóttir
Sigríður Rósa Snorradóttir
Sigurjón Guðmundsson
Soffía H. Bjarnleifsdóttir
Soffía S. Pálsdóttir
Sigurbjörn Skarphéðinsson
Steinvör Ágústdóttir
Theodóra Þorsteinsdóttir
Unnur Inga Bjarnadóttir
Þorkell Logi Steinsson
Þóra Dal Þorsteinsdóttir
Þórdís Þórhallsdóttir
Þórir Georgsson
Þórey Ólafsdóttir
Örn Ingvarsson

Skagfírska söngsveitin í Reykjavík

Skagfírska söngsveitin er 50 manna blandaður kór sem starfar í Reykjavík. Kórinn hefur starfað af miklum krafti allt frá stofnun hans árið 1970. Kórinn hefur að jafnaði haldið tvenna tónleika árlega fyrir styrktarfélaga og aðra gesti í Langholtskirkju auk þess að halda tónleika víðsvegar um landið. Kórinn hefur farið í fjölmargar utanlandsferðir og var sú síðasta farin síðast liðið sumar til Bamberg í Þýskalandi og Kufstein í Tíról í Austurríki.

Verkefnaval kórsins hefur verið fjölbreytt í gegnum tíðina. Kórinn hefur m.a. flutt Krýningarmessuna eftir W.A. Mozart og Gloria eftir A. Vivaldi, auk laga eftir innlend og erlend tónskáld. Einnig hafa fjölmargir þekktir söngvarar sungið einsöng með kórum og má það nefna söngvara eins og Sigrún Hjálmtýsdóttur, Óskar Pétursson, Elínu Ósk Óskarsdóttur og Kristinn Sigmundsson.

Stjórnandi Skagfírsku söngsveitarinnar er Björgvin Þ. Valdimarsson. Undirleikari á æfingum er Dagný Björgvinsdóttir og raddbjálfari er Anna Alexandra Cwalinska.

Anna Jack
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir
Ágústa Guðmarsdóttir
Björgvin Þ. Valdimarsson
Dagný Jónsdóttir
Eiríkur Ásmundsson
Elísabet Hanna
Guðmundsdóttir
Erna Reynisdóttir
Gerður Ísberg
Guðjón Reynir
Jóhannesson
Guðmundur Kr.Sigurðsson
Guðmundur Sigþórsson
Guðrún B. Ægisdóttir
Guðrún Helga Helgadóttir
Gunnhildur Sveinsdóttir
Gyða Halldórsdóttir
Helga Halldórsdóttir
Hólmfríður Karlsdóttir

Hrafn Hilmarsson
Ingibjörg Loftsdóttir
Ingibjörg Ragnarsdóttir
Ingunn Sigurðardóttir
Jóhanna Clausen
Jón Axel Brynleifsson
Kári Kort Jónsson
Kristín Guðmundsdóttir
Lísa D. Sigurðardóttir
Magnús Guðmundsson
Rósa Sigurðardóttir
Sigríður Skúladóttir
Sigríður Snorradóttir
Sigríður Þorvaldsdóttir
Sigurbjörg R Stefánsdóttir
Svanberg Sigurjónsson
Svandís Kristjánsdóttir
Trausti Gunnarsson
Valgerður Sigmarsdóttir
Þorgils Baldursson

Landsvirkjunarkórinn

Landsvirkjunarkórinn er blandaður kór með um 35 söngvurum. Hann var stofnaður árið 1991 og í honum syngja starfsmenn Landsvirkjunar og tengdir aðilar.

Kórinn heldur árlega jóla- og vortónleika og hefur sungið við margs konar önnur tækifæri. Efnisskráin hefur verið fjölbreytt, þ.e. íslensk sönglög, lög úr óperum og kórverk, s.s. Sálumessa Mozarts, Deutsche Messe og Mass of the Children.

Kórinn hefur ferðast innanlands og til Danmerkur og hefur gefið út geisladiska. Stjórnandi kórsins síðastliðin þrjú ár er Keith Reed en áður stjórnandi Páll Helgason kórnunum. Einsöngvarar hafa lengst af verið Þuríður G. Sigurðardóttir, sópran, og Þorgeir J. Andrésson, tenór.

Amalía Sverrisdóttir
Bergur Jónsson
Erla R Guðmundsdóttir
Gísli Gíslason
Gylfi Theodórsson
Helga Kjaran
Hjalti Sigmundsson
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jóhannes Geir Sigurgeirsson
Júlíana Signý Gunnarsdóttir
Kristín Kristinsdóttir

Kristín V Richardsdóttir
Ólafur Sigurðsson
Ólöf Magnúsdóttir
Ragnhildur Húnþogadóttir
Sigríður R Sigurðardóttir
Sigrún Halldórsdóttir
Sigurður St Arnalds
Soffía Þórisdóttir
Steindór Haarde
Theodór Theodórsson
Þuríður G. Sigurðardóttir

Carminahópurinn

Carminahópurinn var stofnaður á Sauðárkróki vegna flutnings kórverksins Carmina Burana e. Carl Orff. Stofnandi og stjórnandi hópsins er Kristján F. Valgarðsson söngkennari við Tónlistarskóla Skagafjarðar. Undirleikari á æfingum er Tom R. Higgerson píanóleikari en hann kennir einnig við Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Hópinn skipa eingöngu heimamenn úr Skagafirði.

Anna K. Jónsdóttir
Anna M. Kristjánsdóttir
Auður Aðalsteinsdóttir
Dagný Stefánsdóttir
Evelyn Kuhne
Gunnar Þorgeirsson
Jóhanna H. Friðriksdóttir
Jón Þorsteinn Reynisson

Kristina Helwig
Kristján F. Valgarðsson
Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Sigríður E. Snorradóttir
Sigurður Freyr Emilsson
Stefán J. Jónsson
Þórarinn Sverrisson

Kvennakór Domus vox

Söngshúsið Domus vox var stofnað árið 2000. Auk söngskóla starfa þar þrír öflugir kórar: Stúknakór Reykjavíkur (110 félagar) og kvennakórarnir Vox feminae (50 félagar) og Gospelsystur Reykjavíkur (70 félagar). Söngstjórið Margrét J. Pálmadóttir er stofnandi og stjórnandi allra þessara kóra og halda þeir tónleika ár hvert, auk sérverkefna og glæsilega sameiginlega jólatalónleika. Einnig hafa kórarinn átt gott samstarf í öðrum verkefnum og utanlandsferðum. Það var því kærkomið tækifæri fyrir okkar 40 söngkonur úr Domus vox að fá að starfa saman að svo metnaðarfullu verkefni sem Carmina Burana er. Margrét J. Pálmadóttir hóf tónlistar-íökun sína barnung í Hafnarfirði og stundaði síðan einsöngsnám á Íslandi, í Vínborg og á Ítalíu. Margrét hefur unnið frumkvöðla- og hvatningarstarf í þágu stúknakóra og kvennakóra á Íslandi og hlaut fyrir það Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu árið 2004. Það sama ár var hún sæmd Norðurstjórnunni, hinni konunglegu sáنسku orðu.

Margrét hefur verið skólastjóri Söngskólans Domus vox frá stofnun hans árið 2000.

Anna Henningsdóttir
Arndís Björk Hulduðóttir
Birna Jensdóttir
Björg M. Ólafsdóttir
Elsa Særún Helgadóttir
Freyja Sóllilia Sverrisdóttir
Guðrún Bryndís Karlssdóttir
Hafdís Hákonardóttir
Hanna Karen Kristjánsdóttir
Hanna Kristín Guðjónsdóttir
Heiða Björk Garðarsdóttir
Heiður Rós Geirsdóttir
Hildur Íðunn Sverrisdóttir
Inga Birna Björnsdóttir
Ingibjörg Kristinsdóttir
Ingibjörg Óladóttir
Jóhanna Steingrímsdóttir
Jóna Guðbjörg Árnadóttir
Karen Nadia Pálsdóttir
Kristín Óladóttir

Kristín S. Arnþórsdóttir
Lilja Björk Eiríksdóttir
Margrét J. Pálmadóttir
Marinella Haraldsdóttir
Marta Friðriksdóttir
Mathildur Haflíðadóttir
Oddný Sigrún Magnúsdóttir
Ólöf Dóra Hermannsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Rósa Svavarasdóttir
Sigríðu Guðmundsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Soffía Haflíðadóttir
Sigurlaug Tara Elíasdóttir
Sólveig Svava Gísladóttir
Stella Óladóttir
Vilhelmína Alfreðsdóttir
Þórdís Kristinsdóttir
Þórunn Kristinsdóttir